



Hafnarfjörður 9. janúar 2014

Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar
Bt: Íþróttafulltrúi

Við hjá Körfuknattleiksdeild Hauka óskum eftir Styrk tengt því að við munum um helgina 11-12 janúar halda minniboltamót fyrir krakka sem eru 11 ára og yngri. Þetta er ellefta árið sem við höldum mót þetta og þátttaka í mótinu í ár slær öll met en 128 lið skráði og um 750 keppendur. Mótið er styrkt að hluta til frá Actavis en þeir eru aðalstyrktaraðilar mótsins, en þeir munu sjá um að gefa börnunum verðlaun á mótinu. Við mótið hefur öflugur hópur unnið að því síðan í október og vinnan við mótið er umfangsmikil, en mikil kynning hefur farið fram tengt því og fyrir Hafnarfjörð í leiðinni. Actavismótið í Hafnarfirði er orðið einn af föstum liðum í íþróttaviðburðum í Hafnarfirði og ár hvert er mikil tilhlökkun meðal ungra körfuknattleiks keppenda. Mótið hefur vaxið undanfarin ár og í ár eru skráð 128 lið í mótið og er það fjölgun úr 91 liði frá því í fyrra. Actavismótið í Hafnarfirði er haldið að Ásvöllum Íþróttamiðstöð Hauka og hefst mótið snemma morguns og lýkur síðladags báða dagana. Á þessum tíma munu um 700 keppendur mæta og við reiknum um tvöföldum fjölda af áhorfendum sem koma á Ásvelli við það að koma og horfa á börnin sín eða koma að umgjörð mótsins. Umfang þessa móts er umfangsmikið og hefur sá undirbúningur staðið yfir lengi yfir enda er afraksturinn glæsilegur. Á síðasta móti fengum við góða umfjöllum fjölmiðla og fjallað var um mótið í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu einnig á Stöð 2 og Rúv en Netmiðlar gerðu einnig mikla og góða umfjöllun um mótið.

Það er því ósk Körfuknattleiksdeildar Haukar að Hafnarfjarðarbær geti styrkt okkur í þessu mikla verkefni en undanfarin ár hefur mótið heitið Actavismótið í Hafnarfirði og með því viljum við kynna bæinn okkar og sýna fram á hversu frábært Íþróttastarfað er unnið í Hafnarfirði.

Virðingarfyllt

Brynjar Örn Steingrímsson
Mótsstjóri Actavismótssins í Hafnarfirði